

Heimsóknir og notkun á Bókasafni Grundarfjarðar og safnkosti Grunnskóla Grundarfjarðar 2011

http://www.grundarfjordur.is/default.asp?sid_id=20569&tre_rod=001|008|001|&tld=1

Safnkostur Grunnskóla Grundarfjarðar er í umsjá Bókasafns Grundarfjarðar og eru upplýsingar um eintök beggja safnanna aðgengilegar á vefnum á <http://gegnir.is>. Eldri námsgögn grunnskólans eru enn ótengd og eins margar af erlendum bókum á bókasafni.

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Íbúar 1.des árið fyrr	938	974	949	918	910	904	903
Skráðir lánþegar		396	361	374	343	340	296
Virk skírteini fullorðnir	137	142	152	162	111	130	147
Börn eftir kl. 15					36	25	33
Starfsmenn/st.gildi	3 / 1,39%	3 / 1,32%	3 / 1,32%	3 / 1,32%	3 / 1,26%	3 / 1,26%	2 / 1,1%
Vikur vetrar	41	39	40	41,5	41	41	40
Vikur sumars	11	13	12	11	11	10	10

Lykiltölur 2011:

Íbúar Grundarfjarðar voru 903 þann 1. des. 2011.

Opið var 40 ½ viku yfir veturinn og 10 daga að sumrinu. Þjónustutími var 12 klst á viku eftir kl. 15 yfir veturinn og 20 tímar fyrir nemendur grunnskólans á morgnana. Opið var 5 klst á viku yfir sumarið. Starfsmenn eru tveir í 1,11 stöðugildum. Þar af vinnur forstöðumaður við skjalahreinsun á skrifstofu bæjarins í 15% stöðugildi.

Sunna Njálisdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur er forstöðumaður og vann eftir kl. 15 á opnunartíma og við önnur störf annan tíma dagsins. Salbjörg Nóadóttir sér um skólasafnsvinnuna fyrir hádegi.

Safngögn

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Eign 31. des.	26.403	27.766	29.742	30.156	30.787	31.312	32.221
Þar af tímaritshefti	2.243	2.511	2.767	2.846	2.968	3.042	3.085
Þar af mynd + hljóð	791	854	1.033	963	1.013	1.078	1.064
Þar af í deildum skóla	8.181	8.985	9.857	10.181	10.471	10.727	11.429
Þar af á almbókasafni	18.545	18.602	19.499	19.848	20.316	20.450	20.927

Eign 31. des. 2011 voru 32.221 eintök tengd Gegni og rúmar 400 erlendar bækur, ótengdar. 1.064 eintök voru tengd Gegni 2011. Grisjun tvítaka og úreltra gagna 341 eintak.

Afskriftir safnkosts	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
BGr. samkvæmt Landskerfi	1551	1089	652	296	451	860	291
GGr. samkvæmt Landskerfi	204	368	74	109	131	219	50

565 bækur voru gefnar 2011.

Gefendum eru færðar bestu þakkir fyrir hugulsemina.

Samanburður heimsóknna 2002-2011

Ár	Fullorðnir eftir kl. 15	Börn eftir kl. 15	Leikskóla-börn	Nemendur grunnskólans	Fjöldi heimsókna alls
2002	1.464	1.352	100	4.208	7.024
2003	1.291	1.577	100		Talningu ábótavant
2004	1.132	798	60	2.934	4.864
2005	1.360	679	70	u.þ.b. 2.500	4.539
2006	1.187	615	73	u.þ.b. 1.375	3.135
2007	1.144	509	40	u.þ.b. 1.375	2.889
2008	1.124	670	48	1.280*	3.122
2009	1.201	531	58	1195	2985
2010	1238	406	34	932	2.610
2011	1.027	322	48	550	1.947

* Ath.: Röng samlagning í ársskýrslu 2008

Árið 2011 komu 1.-7. bekkur u.þ.b. einu sinni í viku í heimsókn á bókasafnið.

Talning heimsókna fer fram daglega. Skráðir lánþegar árið 2011:

Virk skírteini fullorðinna voru 147 og fengu þeir lánuð 3.166 gögn í 1027 heimsóknum.

33 börn komu 322 sinnum á bókasafnið eftir kl. 15:00.

Í grunnskólanum voru 104 nemendur og 22 kennarar/starfsfólk.

Gestir samtals: 1.947 heimsóknir á ári, 11,45 (15,3)** að meðaltali á dag (170 dagar) og er það 1,2% (1,6 %) af 903 íbúum sveitarfélagsins á dag. **Tölur innan sviga vísa til áranna á undan.

Vefsíða Bókasafnsins

Heimsóknir á vefsíðu bókasafnsins. Talning er ekki tiltæk.

Um 20 síður eru uppfærðar reglulega. Meðal efnis eru skrár yfir efni tengt sveitarfélaginu, frönsku sjómönnunum, Snæfellsnesi, norrænni goðafræði og Eyrbyggjasögu; rafrænt efni, safnfræðsla, kynningar bókasafnsins, upplýsingar á ensku o.fl.

Samanburður útlána 2002-2011

	Útlán til fullorðinna	Útlán til barna og nemenda*	Útlán til starfsfólks	Útlán alls
2002	4.282	4.654	446	9.382
2003	3.670	7.290	1.065	12.025
2004	4.112	4.902	1.522	10.536
2005	4.119	5.405	715	10.239
2006	3.492	5.314	1.237	10.043
2007	3.257	4.402	648	8.307
2008	3.148	6.129	400	9.677
2009	3.348	5.073	511	8.932
2010	3.161	4.291	494	7.946
2011	2.839	4.509	327	7.675

*Einnig lán í skólastofur.

Útlán 2011: 7.675 eintök.

Útlán á íbúa: eintök 8,5% (8,78).

Ef námsbækur eru undanskildar, 1.406 eintök, má ætla að hver íbúi hafi fengið lánaðar rúmar 7 (7) bækur (2004: 10 stk.). Útlán í stærri bókasöfnum landsins er á bilinu 8-12 eintök á íbúa en fara niður í 4-5 á minni bókasöfnum.

Grunnskólinn

Hver nemendi í 1. – 7. bekk grunnskólans kom á tveggja vikna fresti í heimsókn á skólatíma (litlir bekkir vikulega). Nemendur fengu 3.374 eintök lánuð (í bekkjarheimsóknum og eftir kl. 15:00). Kennarar og starfsfólk fengu 327 eintök. Í þessum tölum teljast námsbækur (1.406 stk.) með. Umsjón var í höndum Salbjargar Nóadóttur og kynnti hún þeim bókmenntir og leiðbeindi um hegðun á bókasafni. Hluti þessara tíma fer í að velja bækur til að fara með heim og til skólastofu og gæta þess að þær séu notaðar og verði ekki innlyksa á heimilum. Önnur safnfræðsla var engin.

Samkvæmt skýrslum frá Landskerfum voru lánuð (nemendum og kennurum) 4.127 (3847) (5170) eintök fyrir hádegi árið 2011.

10.385 eintök af annarlánsbókum (námsbókum) eru tengd við Gegni.

Dagleg notkun

Meðaltal heimsókna eftir kl. 15, hvern dag sem var opið, var sem hér segir:

Yfir vetrartímann; 6,4 fullorðnir og 2 börn (var 7 og 5 árið 2004).

Á sumrin einn fimmtudag í viku; 10,4 fullorðnir og 4,5 börn (var 12 og 4 árið 2004).

Útlán á hvern fullorðinn voru 2,7 eintök í hverri heimsókn. Voru 3,6 árið 2004.

Aðsókn almennra notenda og gesta stendur í stað en heimsóknir foreldra og eldri barna á bókasafnið hafa verið í algjöru lágmarki undanfarin ár. Það er von okkar að skýringin sé meiri bókaeign á heimilum. Heimsóknir ungra fastagesta með foreldrum stendur í stað en almenn ánægja með aðstöðuna í barnadeildinni gleður. Athuga ber að heimsóknir barna á skólaaldri eru nær eingöngu á skólatíma og er þörf þeirra fyrir lesefni að mestu fullnægt með því. Sjá þó 322 (670 árið 2008) heimsóknir eftir kl. 15. Samanlagðar tölur fyrir nemendur og starfsfólk grunnskólans **og** almenning eru á svipuðu róli og hjá almenningsbókasöfnum landsins sem **ekki** þjóna grunnskólum. Það þýðir að fjöldi útlána og heimsókna á Bókasafn Grundarfjarðar er í lægri kantinum miðað við meðaltal.

Kannanir sýna að málvitund og orðaforði barna sem lesið er fyrir fyrsta áratuginn eykst.

Sjá bæklinginn *Leggjum börnum lið ... við læsi*:

<http://www.heimilioskoli.is/media/files/1198892159/Lestur.pdf>



Aðstaða og þjónusta

Þröngt er um unglíngadeild og lítil aðstaða fyrir vinnuhópa t.d. leshring eða fundi. Unnið er eftir þeirri stefnu að eiga bækur aðeins í einu eintaki nema þær tengist íbúum og námi þeirra. Eldri tímarit, gamalt og lítið notað efni er jafnóðum fjarlæggt úr hillum eða komið fyrir í gólfhillum. Töluvert af bókum hefur verið sent til Sorpu sem sendir áfram í Góða hirðinn.

Þjónusta við framhaldsskóla- og háskólanema hefur minnkað en millisafnalánnum fjölgað umtalsvert. Tilsögn í leit í upplýsingakerfum er lítið notuð.

Hægt er að bjóða upp á þjónustu við nýja íbúa með annað móðurmál en íslensku.

Pólskar barna- og unglíngabækur er hægt að fá í millisafnaláni frá Bókasafni Reykjanesbæjar. Eftirspurn er óveruleg.

Stofnanir í Smiðjunni flokka í endurnýtanlegt efni (grænu tunnuna).



Viðburðir og verkefni

- **Sögustóllinn** nýtist vel í sögustundum grunnskólans. Hver unglingur eða fullorðinn sem sest í sögustólinn þarf að segja eða lesa sögu ef börn eru viðstödd.
- **Fráteknar stundir** til að hittast. Tekið skal fram að allir aðrir eru velkomnir: Fjarnemar í heimabyggð eftir kl. 16:30 á þriðjudögum. Samverustund fjölskyldunnar kl. 16:30-18:00 á miðvikudögum. Stund stórfjölskyldunnar frá kl. 16:30-18:00 á fimmtudögum.
- Á **Bangsadaginn** 27. okt. var dagskrá í Leikskólanum Sólvöllum.
- **Rökkurdagar** eru í nóvember.
- **Norræna bókasafnavikan** (<http://www.bibliotek.org/>). Þemað var Norrænn húmor. Teknar voru fram bókmenntir tengdar þemanu. **Dagur íslenskrar tungu** er í vikunni, 16. nóv.
- Almenningsbókasafnið tekur á móti **elstu börnum** Leikskólans Sólvöllum (<http://leikskoli.grundarfjordur.is/>) vikulega í sex skipti.
- Bókasafnið veitir nemendum **Fjölbrautaskóla Snæfellinga** (<http://fsn.is/>) og öðrum nemendum úr byggðarlaginu aðstoð og fyrirgreiðslu eftir föngum. Opið er aukalega tvisvar í viku vegna FSN.
- **Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla** hefur aðstöðu fyrir nokkra glerskápa til að sýna gamla muni.
- **Bókaverðlaun barnanna**. Börn 6-12 ára geta kosið um bók ársins fyrir 1. apríl en Borgarbókasafnið sér um Bókaverðlaun barnanna. Börn í Grundarfirði hafa getað tekið þátt síðustu fjögur ár. Myndir af bókum ársins eru á veggspjaldi sem hangir uppi í grunnskóla og bókasafni í febrúar og mars. Dregið var úr innsendum seðlum í vali barna á bestu barnabók ársins 2010 í Grundarfirði og hlutu María Margrét Káradóttir úr 1.-3. bekk og Kristbjörg Ásta Viðarsdóttir úr 4.-6. bekk verðlaun sem afhent voru á skólasklitum grunnskólans.
- **Vika bókarinnar** er í kringum alþjóðlegan **Dag bókarinnar** sem ber upp á 23. apríl, fæðingardag Halldórs Laxness.
- Jólagaman: Óvissujólabókapakkar.

Bókasafn Grundarfjarðar
Borgarbraut 16, gengið inn að ofanverðu.
Sími 438 6425.
Netfang: bokasafn (hjá) grundarfjordur.is
Veffang: <http://www.grundarfjordur.is>

Sumartími er kl. 13-18 á fimmtudögum.
Opnunartímar frá 17. ágúst til 31. maí:
Safnið er opið kl. 15:00-18:00
Mánudaga – fimmtudaga.

Unnið í febrúar 2011 af Sunnu Njálisdóttur

Sundurliðun heimsókna og þjónustu við lánþega 2006-2009:

Tegund þjónustu	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Frh-nemendur úr Grf. - aðstoð	36	74	73	>		
Frh-nemendur af Snæf. - aðstoð	6	22	35	=112	= 52	=69
Háskólanemendur - aðstoð	10	35	40	43	26	18
Aðrir – aðstoð og fyrirspurnir		24	24	19	14	2
Lesið á safni utan opunar	3	2	1	2	6	4
Kennarar grunnskóla, aðstoð	4	7	3	2	1	
Nemendur grunnskóla, aðstoð	5		20	3	2	
Kennarar leikskóla, aðstoð						2
Kynning á upplýsingaleit		3		10		
Börn að 16 ára aldri – heimsókn	585	408	670	531	440	322
Fullorðnir - heimsóknir	1102	922	1124	1201	1238	1027
Sækja/finna heimildir fyrir fólk	12	31	3	40		43
Millisafnalán				57 / 2 út	94 / 6 út	88 / 7
Unað við lestur, börn	56 (48)	65	111	60	38	31
Fullorðnir stoppa við	14 (31)	44	52	71	73	51
Leikskóli, 6 vikur í jan.-feb.	73	40	48	58	28+6	32+6
Fundir	4x5		7	2=10	=	
Móttaka	1x35	2				1
Sýningar (leikskólabarna)	1					
Skjalageymsla				4		2
Heimsent				5	13	8

Unnið úr skýrslum Landskerfa.

69 lánþegar utan 350 Grf. fengu lánuð 2193 eintök.

7 lánþegar frá póstnúmeri 340, 355 og Vestfjörðum fengu lánað 68 eintök.

30 lánþegar utan póstnúmera (bekkjarkassar, kennarar) fengu 1949 eintök.

3.045 útlán til 5-16 ára og 233 eintök til framhaldsskóla- og háskólanema.

Árgangarnir 1970-1979 eru fjölmennastir af fullorðnum lánþegum og fengu 644 eintök að láni í Bókasafni Grundarfjarðar.



Gert í mars 2012.
Sunna Njálisdóttir.